

Ed.

90. Breytingartillögur

[45. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

34. gr. laganna orðist þannig:

Lánstími er allt að 15 árum. Lánin má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin, enda greiðist þau eftir það með jöfnum afborgunum. Ráðherra ákveður vaxtafót lánanna. Vextir af lánum með vísitöluákvæði skulu þó ekki vera hærri en 4%.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi ráðherra.

Nú tekur ferðamálasjóður lán með vísitöluákvæði eða fær til starfsemi sinnar vísitölutryggt fé, skv. 27. gr., og skal þá sá hluti af lánum úr sjóðnum, er samsvavar hinu vísitölutryggða fé, vera með vísitöluákvæðum, þannig að greiðsla afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.